Nr. 335 22. mars 2013

# AUGLÝSING

**um friðlýsingu húsa.**

Með vísan til 1. mgr. 4. gr. laga nr. 104/2001 um húsafriðun hefur mennta- og menningarmálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar að friða eftirtalin hús og húshluta/mannvirki:

*Seyðisfjarðarkirkju.*
Friðunin nær til hússins í heild, þ.e. bæði ytra og innra borðs.

*Skildinganes 15, Reynistað í Reykjavík (fastanr. 202-9415).*
Friðunin nær til ytra byrðis hússins sem byggt var árið 1874 og seinni tíma viðbygginga.

*Nýlendugötu 9, Reykjavík (fastanr. 200-0478).*
Friðunin nær til ytra byrðis hússins.

*Steinbæinn að Holtsgötu 41b í Reykjavík (fastanr. 200-0795 og 200-0796).*
Friðunin nær til ytra byrðis hans.

*Ingólfsstræti 23 í Reykjavík (fastanr. 200-5740).*
Friðunin nær til ytra byrðis hlaðna steinhússins og seinni tíma viðbygginga.

*Skólavörðustíg 4, Reykjavík (fastanr. 200-4497).*
Friðunin nær til ytra byrðis hússins.

*Steinhlaðna húsið að Vesturgötu 50, Reykjavík (fastanr. 200-0284).*
Friðunin nær til ytra byrðis hússins.

*Vesturgötu 57, Reykjavík (fastanr. 200-0709).*
Friðunin nær til ytra byrðis hússins sem byggt var árið 1882 og seinni tíma viðbygginga.

*Tryggvaskála á Selfossi (fastanr. 218-7765).*
Friðunin nær til ytra og innra byrðis hússins.

*Skálholtskirkju, Skálholtsskóla og nánasta umhverfi.*
Friðunin nær til innra og ytra byrðis Skálholtskirkju, ytra byrðis Skálholtsskóla auk nánasta umhverfis að undanskilinni yfirbyggingu yfir friðlýstar fornleifar Þorláksbúðar.

*Fastar innréttingar á jarðhæð Hótel Holts í Reykjavík.*
Friðunin nær til fastra innréttinga í veitingasal í norðurenda auk hliðarherbergis, í gestamóttöku auk setustofu, í bókaherbergi/koníaksstofu og í ráðstefnu- og veitingasalnum Þingholti í suðurenda.

*Steinhlaðna húsið að Þingholtsstræti 1.*
Friðunin nær til ytra byrðis hússins og viðbyggingar sem reist var árið 1907.

*Elstu mannvirki við Gömlu höfnina í Reykjavík.*
Um er að ræða eftirtaldar steinhleðslur sem gerðar voru á árunum 1913 til 1945:
Ingólfsgarð (1913),
Norðurgarð (1915),
steinhleðslur við Suðurbugt (1928-1930),
Ægisgarð, eystri hleðsla (1932-1935),
steinhleðslur við Víkina og Verbúðarbryggjur, frá Rastargötu til Bótabryggju (1940-1945).

*Laufásveg 5, Reykjavík (fastanr. 200-6560, 200-6561, 200-6562, 200-6563).*
Friðunin nær til ytra byrðis steinhlaðna framhússins (byggt 1880).

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 22. mars 2013.*

**Katrín Jakobsdóttir.**

*Ásta Magnúsdóttir.*